
2019-2020



Starfsáætlun Fögrubrekku

Edda Valsdóttir

Leikskólinn Fagrabrekka

„FÁTT ER REYNSLUNNI FRÓÐARA”



Efnisyfirlit

1 Inngangur

2 Um Fögrubrekku

2.1 Fagrabrekka, húsnæði, lóð og rými

2.2 Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur og skipulag

3 Starfsáætlun næsta leikskólaárs

3.1 Leikskólastarfið

3.2 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir

3.3 Þróunar- og nýbreytnistarf

4 Starfsmenn

4.1 Starfsmannastefna

4.2 Áherslur í samstarfi svo sem handleiðsla, starfsmannasamtöl og móttaka nýrra starfsmanna

4.3 Samsetning starfsmannahópsins

4.4 Fundir

4.5 Skipulagsdagar

4.6 Símenntunaráætlun

4.7 Þátttaka í rannsóknum

5 Börn

5.1 Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift



5.2 Sérkennsla

6 Foreldrasamstarf

6.1 Stefna og áherslur vegna foreldrasamstarfs

6.2 Foreldraráð

6.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

6.1 Fræðsla og upplýsingar til foreldra

6.2 Fundir, skipulögð samtöl, kynningarrit, tölvusamskipti, heimasíða og fréttabréf.

7 Samstarf

7.1 Samstarf við grunnskóla

7.2 Samstarf við aðra

7.3 Nemar

8 Mat

8.1 Matsaðferðir

8.2 Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður

8.3 Mat á starfsáætlun síðastliðins starfsárs og niðurstöður

8.4 Umbótaáætlun

9 Öryggismál

9.1 Öryggisnefnd

9.2 Áfallaráð

9.3 Innra eftirlit



9.4 Slys

10 Lokaorð

1 Inngangur

Starfið í leikskólanum er alltaf í þróun, hvort sem um ræðir faglega starfið eða annað sem snýr að leikskólalífinu. Við förum ákveðnar leiðir til að ná þeim markmiðum og áherslum sem við setjum okkur hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans.

Í Fögrubrekku eru einkunnarorðin í fyrirrúmi, þar sem lögð er áhersla á að sýna hvort öðru virðingu, að sýna gleði í leik og starfi og að virða frumkvæði barnsins. Lýðræði og lýðræðislegir starfshættir eru forsenda starfsins í leikskólanum þar sem grunnþættir menntunnar fléttast inn í starfið og eru leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun barnanna. Samstarf við foreldra er í fyrirrúmi en það byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barns síns.

Hugmyndafræði Reggio Emilia liggur til grundvallar í öllu starfi leikskólans. Starfsfólk kemur fram við börnin af virðingu, tekur tillit til þeirra, hlustar á rödd þeirra og fylgist með líkamstjáningu. Starfsfólk er góð fyrirmynd í hvívetna, gefandi í samskiptum sínum við börnin og tileinkar sér þá sýn sem sett er fram í skólanámskrá leikskólans og starfar í anda hennar. Haft er fyrir sanni að starfið í leikskólanum taki stöðugum breytingum og þróist í takt við hvern barnahóp fyrir sig. Haldið verður áfram með náttúruþema á næsta skólaári og mun hver hópur vinna að þemanu á sinn hátt.

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað. Í ætluninni eru marks konar upplýsingar fyrir þá sem bera hag leikskólastarfsins fyrir brjósti og hafa áhuga á starfi leikskólans. Einnig kemur fram það sem gert var á síðastliðnu ári og hvernig tekið verður á umbótum sem og öðrum verkefnum.

2 Um Fögrubrekku

2.1 Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Fagrabrekka tók til starfa 22. desember 1976 og er fjögurra deilda leikskóli á tveimur hæðum. Leikskólanum er skipt upp í tvær deildir í daglegu starfi. Auk aðalbyggingar er Tónasel, sem er lítið hús í norðurgarði og er nýtt fyrir tónlistarstarf. Heildarrými er 508,2 m² og leikrými 254,6 m². Heildarrými á hvert barn er 7,5 m² og leik- og kennslurými á hvert barn er 3,7 m².



2.2 Viðhald 2018-2019

Gólf voru bónuð og alþríf gerð. Sett var upp girðing með lás til að loka af inngang í Tónaselið vegna ágangs utanaðkomandi. Bætt var við sendum vegna vandræða með þráðlaust net í húsinu. Gerður var

samningur við Pennann um leigu á kaffi- og kakóvél. Tveir þurrkskápar voru endurnýjaðir. Kópavogsbær gerði samning við Gámaþjónustuna hf. sem þjónustar leikskólann með sorphirðu. Sett var upp nýtt brunaviðvörðunarkerfi. Fatahólf barnanna voru lækkuð niður í þeirra hæð. Árlegur lestur af orkumælum var gerður af stjórnendum. Skipt var um borð á Rauðubrekku og fimm vegghengd borð sett upp. Aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjórum var boðið að gera samning um kaup á símtæki og símaþjónustu. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fengu fartölvur með dokku til eigin umráða. UT þjónustan pantaði prentara frá Origo sem leikskólinn leigir. Það á eftir að laga og betrubæta smávægilegt á skólalóðinni, sem gert verður á meðan á sumarlokun leikskólans stendur (2019). Foreldrafélagið gaf leikskólanum hljómburð í sumargjöf. Ýmist annað viðhald var unnið af Lurki.

2.3 Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur og skipulag

Aðalnámskrá leikskóla er lögð til grundvallar í leikskólastarfi Fögrubrekku og starfað er samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Í leikskólanum er hugmyndafræði Reggio Emilia alls ráðandi, en hugmyndafræðin er kennd við samnefnda borg á Ítalíu. Samkvæmt hugmyndafræðinni er megináhersla lögð á skapandi starf í listgreinum og lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð starfsfólks og barna og getu barns til að afla sér reynslu og þekkingar á sínum eigin forsendum. Gerðar eru uppeldisfræðilegar skráningar, en það er aðferð til gagnaöflunar og felur í sér skráningu og athugun á athöfnum barns en t.a.m. minnir myndaskráning barnið á hvað það hefur verið að vinna að í leikskólanum. Það er unnið að því af fremsta megni að hafa einkunnarorð leikskólans ávallt í forgrunni, en þau eru: **Virðing, gleði og frumkvæði**

3 Starfsáætlun 2019-2020

3.1 Leikskólastarfið

Unnið er að þema í lengri eða skemmri tíma, en það stuðlar að uppgötvun barns í þekkingarleit sinni. Hópstjórar útfæra þemastarfið með börnunum og taka mið af áhugahvöt þeirra, þar sem barnið tjáir og túlkar upplifun sína á skapandi hátt með fjölbreyttum efniviði. Tekið er tillit til þroska og aldurs barnsins en þemað fer eftir áhugahvöt, reynslu og virkni barnsins. Vinna að þema stendur yfir í mislangan tíma, eftir því hvernig vinnan þróast. Í þemastarfi geta hópstjórar fylgst með hverju barni, þroska þess og hvernig barnið þróar sjálft sig í sköpunarferlinu. Grundvöllur að góðu starfi er að barnið læri að vera í hóp og treysta öðrum en grunnurinn að starfi leikskólans er virðing fyrir barninu og hugmyndum þess. Börnunum er skipt upp í sex hópa sem eru nánast aldurshreindir.

Börnin fara í hreyfistund aðra hvora viku í hreyfisal og í tónlistarstund einu sinni í viku í Tónasel. Á hverjum morgni er „**dansað inn í daginn**“ sem er stutt stund þar sem börn og starfsfólk dansa í hreyfisal. Börnin ákveða sjálf hvort þau vilji taka þátt í stundinni. Á föstudagsmorgnum fara börn og starfsfólk í hreyfisal á fagnaðarfund þar sem er sungið, dansað, horft á myndbönd og börnin koma fram fyrir hvert annað svo eitthvað sé nefnt. Í lok hvers fagnaðarfundar er slökun og jóga.

Tónlist og hreyfing er þungamiðjan í starfi leikskólans og eru mikilvægur þáttur í þroskaferli barns og er samþætt við þau þemu sem unnið er með hverju sinni í barnahópunum. Í tónlistinni lærir barnið ýmsa söngva og þulur, að spila á hljóðfæri, útbúa hljóðverk og hljóðfæri, semja tónverk og setja upp leikrit. Öll hreyfing er barninu eðlislæg og stuðlar að vellíðan og hefur í för með sér gleði og ánægju þar

sem barnið lærir að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður, lærir líkamsvitund, leikræna tjáningu, dansa og leiki.

Áhersla er lögð á:

- * Að styðja og þróa námið í gegnum leikinn.
- * Að skapa leiknum fjölbreytilegt leikumhverfi, tíma og rými.
- * Að styðja við leikinn, vera vakandi fyrir tækifærum, kveikja áhuga, styðja og efla jákvæðni í samskiptum og sjá til þess að allir taki þátt.
- * Að leggja hugmyndafræðina til grundvallar, með því að leggja áherslu á faglegt starf, hópkennd, vináttu, samvinnu og félagsfærni.
- * Að efla sjálfstæði.
- * Að hafa grunnþætti menntunnar að leiðarljósi í menntun, uppeldi og umönnun og flétta þá inn í starfið.
- * Að kennarar komi fram af virðingu, taki tillit til og hlusti.
- * Að kennarar verði góð fyrirmynd í hvívetna og veri gefandi í öllum samskiptum við.
- * Að kennarar tileinki sér þá sýn sem sett er fram í skólanámskrá leikskólans og vinni í anda hennar þar sem allar athafnir hins daglega lífs mótast af líkamlegum og andlegum þörfum hvers og eins.
- * Að skoða umhverfi leikskólans með áherslu á náttúruna sem býður upp á fjölbreyttan efnivið og mörg skemmtilegt tækifæri til að rannsaka og uppgötva.
- * Að nýta útielstæði til eldamennsku og baksturs.
- * Að vinna með bangsann Blæ og Vináttuverkefni Barnaheilla.

3.2 Aðalnámskrá leikskóla

Leikurinn er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna, þungamiðja leikskólastarfsins, sjálfsprottinn og eðlislægur þar sem barnið leikur sér af fúsum og frjálsum vilja á sínum eigin forsendum. Leikur veitir gleði og vellíðan en getur jafnframt falið í sér valdabaráttu og átök. Leikur er meginnámsleið barnsins og skapar því tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra.

Námssviðin byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum.

Í aðalnámskrá leikskóla (2011) eru sex námssvið tilgreind og eru samþætt og samofin öllu starfi í Fögrubrekku.

3.3 Námssviðin

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Börn þurfa að kynnast tungumálinu og möguleikum þess sem og að öðlast skilning á að ritað mál og að tákn hafi merkingu. Fagrabrekka hefur sett sér læsisstefnu og tekið þátt í læsisverkefni, en skýrslu um það er að finna á heimasíðu leikskólans.

Áhersla er lögð á:

- * Að vinna með samskipti í skólastarfinu.
- * Að hafa ritmál sýnilegt.
- * Að hafa leikefni merkt.
- * Að hafa samverustundir á hverjum morgni, setjast saman í hring á mottu.
- * Að hafa lestrarátak í tengslum við dag íslenskrar tungu.

Heilbrigði og vellíðan

Börn læra að tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt matarræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Umhyggja skipar stóran sess í starfinu og er mikilvægt að mynda góð og nán tengsl við börnin.

Áhersla er lögð á:

- * Að bjóða upp á hollt og næringarríkt fæði.
- * Að hafa útiveru einu sinni til tvisvar á dag.
- * Að fara í skemmri sem lengri vettvangsferðir.
- * Að hafa hreyfistund fyrir hvern barnahóp.
- * Að dansa inn í daginn á morgnana.
- * Að viðhafa góðar hreinlætisvenjur.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skipta máli í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti af sjálfbærni. Mikilvægt er að kenna barninu að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa því tækifæri til að upplifa og njóta. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða barnið við að sjá tengsl orsaka og afleiðinga og styrkja skilning þess á hugmyndum og hugtökum.

Áhersla er lögð á:

- * Að barnið fái hvatningu og tækifæri til sjálfshjálpar.
- * Að auka vitund um umhverfismennt og endurvinnslu.
- * Að flokka og nýta endurnýtanlegan efnivið.
- * Að hugsa vel um umhverfi leikskólans.
- * Að hafa frágang og snyrtimennsku í fyrirrúmi.

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barnsins, lýðræði, skapandi starfi og menningu. Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barns en hún beinist að sköpunarferlinu,

gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun barnsins fær að njóta sín.

Áhersla er lögð á:

- * Að syngja og lesa á hverjum degi.
- * Að nota þulur, vísur, Sögugrunn og frásagnir í starfinu.
- * Að spila á hljóðfæri.
- * Að nota fjölbreyttan efnivið í sköpun.
- * Að viðhalda íslenskri menningu með fjölbreyttum hætti.
- * Að bera virðingu fyrir og kynna menningu barna af erlendum uppruna.



Lýðræði og jafnrétti

Leikskólinn er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar. Í daglegu starfi er lögð áhersla á að barnið beri virðingu og umhyggju fyrir öðrum og þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Markmið með lýðræði í leikskólastarfi er að fá barnið til að hafa áhrif á starfið og að það finni að á sig sé hlustað. Barnið lærir að bera ábyrgð á sjálfu sér og öðlast samkennd. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðalyndis, víðsýni og jafnréttis.

Áhersla er lögð á:

- * Að efniviður sé aðgengilegur.
- * Að barnið taki þátt í daglegum störfum.
- * Að barnið velji hvaða lag er sungið og bók lesin.
- * Að barnið læri að leysa ágreining og læri gildi góðra samskipta.
- * Að ýta undir að barnið sé virkur þátttakandi í starfinu.
- * Að barnið meti starfið að hausti og vori.
- * Að foreldrar fái tækifæri til að tjá sig um leikskólastarfið.

3.4 Dagskipulag

07:30 Opnað á Gulubrekku.
08:00 - 08:30 Morgunverður.
08:40 - 08:50 Dansað inn í daginn í hreyfisal.
09:00 - 12:00 Leikstund, tónlistar- og hreyfistund, þemastarf, ávaxtastund, útivera.

11:00 - 12:30	Hádegisverður.
11:30 - 14:30	Hvíld, leikstund, útivera.
14:30 - 15:15	Síðdegishressing.
15:15 - 16:30	Leikstund.
16:30	Lokað.

3.5 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir

Alla föstudaga er fagnaðarfundur, þá er sungið, dansað, farið í jóga og slökun, börnin kynna það sem þau eru að gera, starfsfólk les eða segir sögur og sýnd eru leikrit eða brúðuleikhús.

Í neðangreindum texta er það sem búið er að ákveða. Aðrir viðburðir verða auglýstir sérstaklega.

Í september er Dagur læsis en þá er bókabíó, bókaormurinn settur upp og bangsinn Blær kemur. Á degi íslenskrar náttúru er eldað og/eða bakað á útiöldstæðinu. Það er appelsínugulur dagur, aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn seinni part mánaðar og Evrópski tungumáladagurinn er einnig í september.

Í október er bleikur dagur og alþjóðlegi bangsadagurinn en þá geta allir sem vilja komið með bangsa. Í lok mánaðrins er foreldrum boðið í morgunverð og einnig er búningadagur. **Í nóvember** er dagur gegn einelti, þá ganga elstu börnin vináttugöngu í Álfhólsskóla með grunnskólanemendum. Á dótadegi koma



þau börn sem vilja með dót að heiman. Á degi íslenskrar tungu koma nemendur í 7. bekk Álfhólsskóla og lesa fyrir börnin. Á degi mannréttinda barna höfum við Barnasáttmálann til hliðsjónar. Í mánuðinum er líka fjólublár dagur. **Í desember** er farið í Hjallakirkju í aðventustund. Börnin baka smákökur og bjóða foreldrum sínum í síðdegishressingu. Það er rauður dagur, haldið jólaball og borðaður hátíðarmatur. Börnin syngja jólalög í ýmsum stofnunum í Kópavogi og Fagrabrekka verður

43 ára. **Í janúar** er ljóslaus dagur, þá geta börnin komið með vasaljós og í náttfötum. Það er blár dagur og á herradeginum bjóða börnin föður, afa eða frænda í þorramat í hádeginu. **Í febrúar** er dagur leikskólans haldinn hátíðlegur og einnig er dótadagur. Á dömudegi bjóða börnin móður, ömmu eða frænku í smárétti í hádeginu. **Í mars** er bolludagur, þá borðum við bollur, á sprengidegi fáum við saltkjöt og baunir og á öskudegi dönsum við og sláum snakkið úr tunnunni. **Í apríl** er gulur dagur og foreldrafélagið stendur fyrir eggjaleit í garðinum. Á degi barnabókarinnar er bókabíó, einnig er öfugsnúinn dagur. Á degi umhverfisins er nærumhverfið hreinsað og foreldrum er boðið í morgunhressingu. **Í maí** fara elstu börnin í Vatnaskóg og öll yngri börnin bjóða foreldrum á foreldradaga. Það er grænn dagur, farið í sveitaferð og elstu börnin bjóða foreldrum í útskrift sína. **Í júní** er lautarferð en þá bjóða elstu börnin öllum börnunum á Rauðubekku uppá góðgæti. Sumarhátíðin er haldin einn góðviðrisdag, það eru stöðvar í garðinum þrjá daga vikunnar og farið í vettvangsferðir.



3.6 Þróunar- og nýbreytnistarf

- ✓ Jóga verður í lok fagnaðarfundar.
- ✓ Útinámið er í þróun og verða útinámspokarnir alltaf með í vettvangsferðum.
- ✓ Unnið verður með Numicon kubba.
- ✓ Vináttuverkefni Barnaheilla um bangsann Blæ verður innleitt í starfið með yngstu börnunum á Gulubrekku.
- ✓ Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fara í heimsóknir á föstudögum að skoða leikskóla bæjarins.
- ✓ Markmiðið er að gera grunnþætti menntunar og einkunnarorð Fögrubrekku sýnileg t.a.m. að útbúa veggspjöld í A-3 stærð.
- ✓ Starfsfólk verður með barmmerki með nafni sínu.
- ✓ Starfsfólk mun læra á Völu, nýja innritunarkerfið og á Lísu sem verður heimasíða leikskólans.
- ✓ Settar verða upp myndir af starfsfólki á töflur í fataherbergjum.
- ✓ Byrjað verður á að skoða Heimsmarkmiðin, hvað erum við að gera og hvað getum við gert? Teymi heldur utan um verkefnið.
- ✓ Barnasáttmálinn verður ígrundaður á skipulagsdegi.
- ✓ Haldinn verður fánalitadagur í fyrsta skiptið í júní.
- ✓ Gerð var breyting á samræmingu skipulagsdaga þannig að þrír af fimm skipulagsdögum verði samræmdir við grunnskólann og leikskólinn fær sex skipulagsdaga þegar námsferðir eru á fjögurra ára fresti.
- ✓ Allir leikskólar í Kópavogi loka kl. 16:30 frá 1. febrúar 2019.
- ✓ Starfsfólk og börnum er boðið að nýta Guðmundarlund sem er miðstöð útináms og menntunar í sjálfbærni og umhverfisnefnd. Hægt verður að panta tiltekna daga (það er verið að vinna að nánari útfærslu).
- ✓ Starfsmannafélag Fögrubrekku var formlega stofnað haustið 2018.
- ✓ Starfsfólki var boðin heilsufarsmæling á vegum Kópavogs. Allt starfsfólk þáði boðið.

3.7 Kynning á leikskólanum

Heimasíða leikskólans er vettvangur til að koma á framfæri fréttum og viðburðum. Foreldrum, leikskólakennaranemum og nýju starfsfólki er bent á að afla sér upplýsinga á heimasíðunni. Kennarar hafa nýtt sér Kópavogsblöðin þegar smá- eða stórvíðburðir eiga sér stað. Leikskólinn heldur úti Facebooksíðu þar sem verk barnanna eru birt og hópstjórar eru með lokaða Facebookhópasíðu sem einungis er ætlað foreldrum og starfsfólki. Allt starfsfólk leikskólans sendir tölvupóst til að koma ýmsum upplýsingum til foreldra.

Áður en barn byrjar í leikskólanum eru foreldrar boðaðir á kynningafund í byrjun júní. Foreldrar hringja stundum til að fá að skoða leikskólann eftir að barn þeirra hefur fengið úthlutað dvöl og er það ávalt velkomið. Foreldrar koma einu sinni í mánuði yfir skólaárið á ýmsar uppákomur í leikskólann. Starfsfólk ýmissa leikskóla, aðrir starfshópar og erlendir gestir koma einnig í heimsókn.

Undanfarin ár hefur Faghópur um skapandi leikskólastarf staðið að viðburðum í leikskólum þar sem gefið er tækifæri til að kynna eigið starf og sýna leikskólann. Við vorum beðin um að vera með þennan viðburð í nóvember 2018. mjög góð mæting var á viðburðinn, sem var einkar ánægjulegt.

Sú nýbreytni var að auglýsingafyrirtækið Shara kom í leikskólann í maí og tók starsfólk tali og upptökur af börnum í leik og starfi. Myndbandið er um 2 og ½ mínúta og verður kynnt sem kynningarmynd Fögrubrekku og verður á nýrri heimasíðu sem opnar væntanlega í september. Öllum, sem gátu, var svo boðið í Salinn í júní að sjá öll myndbönd leikskóla Kópavogs.

4 Starfsmenn

4.1 Starfsmannastefna

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna byggist á góðri samvinnu, gagnkvæmri virðingu, lýðræðislegum starfsháttum og að viðhalda góðum starfsanda. Starsfólk Fögrubrekku er ábyrgt fyrir framangreindu og ber að samræma starfsaðferðir sínar. Við lítum svo á að það sé mikilvægt að hafa skýra verkskiptingu og skýrt vinnufyrirkomulag, en sveigjanleiki er einnig lykilhugtak í öllu starfinu. Þrátt fyrir verkaskiptingu og reglur ber starsfólki að vera tilbúið að aðlaga starfið að þörfum barnsins. Stjórnunarteymi og hópstjórar leikskólans leiða starfið í samstarfi við annað starsfólk. Starsfólkið tekur þátt í vinnu við námskrá á fimm ára fresti og starfsáætlun og leikskóladagatal ár hvert.

Á fyrsta starfsmannafundi eða skipulagsdegi nýs starfsárs er farið yfir vetrarstarfið með starfsáætlun og dagatal Fögrubrekku til hliðsjónar, kosið er í nefndir og starsfólki úthlutað svæðum innan sem utan skólans sem það ber ábyrgð á.

Ávalt skal starsfólk hafa í huga að leysa ágreining sem upp kann að koma innan starfsmannahópsins áður en farið er heim úr vinnu.

4.2 Áherslur í samstarfi

Lögð er áhersla á að starsfólk leikskólans vinni sem ein heild og er starfið skipulagt samkvæmt því. Fræðsla og umræða á skipulagsdögum er til að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starsfólksins. Starsfólki gefst kostur á að sækja námskeið, ráðstefnur og aðra viðburði er varða leikskólastarf og menntavísindi.

Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýtt starsfólk. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fara yfir starfssemi leikskólans, það sem hafa ber í huga í leikskólalífínu og veita leiðsögn um húsnæði og lóð. Deildarstjórar fara yfir starfsseminna á deildum, kynna börnin og annað starsfólk.

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftár ef þörf þykir. Starsfólk fær tækifæri til að tjá sig um eigin frammistöðu og leita samráðs eða handleiðslu. Samskipti milli deilda, starsfólks og foreldra eru ein af aðal áhersluatriðum í starfinu.

Unnið er markvisst að hópelfi í starfsmannhaldinu og leitað lausna ef ágreinings gætir. Mikil áhersla er lögð á að samstarf á milli starsfólks sé farsælt og gott. Hópefli, uppákomur og skemmtanir eru til að

auka ánægju og vellíðan starfsfólks. Í leikskólanum er starfandi skemmtinefnd sem kosin er að hausti. Nefndin sér m.a. um óvissuferð starfsfólks og maka, jólaþeysudag, kvikmynda- og leikshúsferðir, jólahlaðborð, keilu, vinaviku og margt fleira. Sú hefð hefur skapast að það starfsfólk sem á afmæli í janúar, febrúar og mars sameinast um að bjóða upp á góðgæti í kaffistofu. Sama fyrirkomulag er hjá þeim sem eiga afmæli næstu mánuði á eftir.

Hópasamtöl í apríl 2019

Markmiðið með einstaklingssamtali og hópasamtali er að ræða þau atriði sem mikilvæg eru fyrir einstaklinginn.

Í samtölunum var rætt um hvernig samvinnan væri innan hópsins, líðan í starfi og hvort starfsfólk nyti sín í starfinu með börnunum. Hver og einn starfsmaður tjáði sig um framangreint. Þeir sögðu að samvinnan innan hópsins gengi vel og að þeim liði vel. Starfsfólkið sagði hópstjórunum að þeir fengu að njóta sín og vinna ýmis verkefni með börnunum, en það fannst þeim mikils virði. Allir töluðu um að alltaf væri hægt að gera betur. Tveir hópstjórar sögðu að þeir mættu vera duglegri að gera starfið sýnilegra, t.a.m. að hengja upp verkefni barnanna, skrifa á töfluna hvað verið var að gera yfir daginn og fleira. Allir sögðu að starfsandinn væri góður þó veturinn hafi verið strembinn á stundum. Allt starfsfólkið var jákvætt fyrir breytingum innan hópanna, um að starfsfólk og börn þyrftu að flytja sig á milli hópa, en það gerist ár hvert.

4.3 Samsetning starfsmannahópsins

Í Fögrubrekku er gert ráð fyrir 19,1 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 15% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 1,62 stöðugildi í eldhúsi. Afleysing vegna undirbúningstíma, veikinda og sérkennslu er inni í heildarfjölda starfsfólks. Á deildum eru stöðugildi með hlutfall til afleysingar í veikinda- og undirbúningstímum og sérkennslu barna. Síðast liðið starfsár voru stöðugildi 20,46 vegna barna, þar af 3,94 vegna sérkennslu. Heildarstöðugildin í leikskólanum eru 23,21.

Leikskólaárið 2019-2020 starfa í Fögrubrekku

Leikskólastjóri er menntaður leikskólakennari með M.Ed í stjórnun menntastofnana. Aðstoðarleikskólasstjóri er menntaður leikskólakennari, sem sinnir stjórnun einn dag í viku og hópstjórn aðra daga. Sérkennslustjóri er menntaður leikskólakennari, sem sér um sérkennslu. Sérgreinastjóri er menntaður listdanskennari með kennsluréttindi og sér um tónlist og hreyfingu. Einn sérkennari er menntaður leikskólakennari, annar er stúdent og er í leikskólaliðanámi og þriðji er leiðbeinandi með mikla reynslu. Sérkennarar starfa í mismunandi prósentu, eru í mismunandi stöðugildum, hafa mikla reynslu og hafa setið fjölda námskeiða. Deildarstjórar skipta með sér fjórum stöðugildum. Einn er menntaður leikskólakennari með M.A. í stjórnun og forystu, einn er menntaður leikskólakennari, einn er háskólamenntaður starfsmaður með B.Ed í leikskólakennara-fræðum (er að fara í fæðingarorlof í haust) og einn er menntaður leikskólaliði í námi í leikskólakennarafræðum. Einn leiðbeinandi er menntaður framhaldsskólakennari, tíu leiðbeinendur eru með mismikla starfsreynslu. Einn leiðbeinandi er stúdent í leikskólaliðanámi, einn leiðbeinandi er menntaður fata- og textilhönnuður og er í leikskólaliðanámi og einn leiðbeinandi er í menntaskóla og einn í háskóla en þeir verða í skilastöðu. Matráðurinn er menntaður matreiðslumaður, sem sér um matseld og innkaup. Nýr

aðstoðarmatráður kemur til starfa í haust, hún sér um uppvask og þvotta auk þess að aðstoða matráð við matreiðslu. Mjög líklega þarf að ráða í sérkennslu/stuðning þetta skólaár.

Starfsreynsla kennara og leiðbeinenda í leikskólastarfi.

Starfsfólk Fögrubrekku hafa all flestir mjög mikla reynslu af leikskólastarfi en starfsaldur er frekar hár. Starfsmannavelta er lítil, sem endurspeglar staðblæ, stöðuleika og starfsánægju þeirra sem þar starfa. Starfsfólk hefur hætt störfum vegna aldurs, náms, skipt um starfsvettvang eða farið í önnur störf. Það hefur ekki komið að sök þar sem vel hefur gengið að ráða nýtt starfsfólk.

Starfsaldur

0 – 5 ár =	11 starfsmenn
6 – 10 ár =	3 starfsmenn
11 – 15 ár =	7 starfsmenn
16 – 20 ár =	1 starfsmaður
21 – 25 ár =	1 starfsmaður
26 -	3 starfsmenn

Rúmlega helmingur starfsmanna hefur starfað yfir 5 ár í Fögrubrekku. Hátt í 40% starfsfólks hefur 10-40 ára starfsreynslu í leikskólastarfi. Meðal starfsaldur starfsfólks í leikskólanum eru 9,8 ár. Fjöldi starfsfólks er 26 í um 23,21 stöðugildum. Deildarstjóri er yfirmaður deildar. Annað starfsfólk deilda starfar samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna. Vinnuskóli Kópavogs hefur á hverju ári sent unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs sem er góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin.

4.4 Fundir

Á morgunfundi er farið yfir dagskipulag og mönnun á deildum, skilaboð skrifuð á töflu í kaffistofu, í dagbók deilda og dagbók leikskólastjóra. Á föstudagsmorgni er farið yfir skipulag næstu viku og skráð á töflu í kaffistofu. Samráðsfundur leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er á föstudögum. Starfsmannafundur er 03.09. 2019 og 14.05. 2020, eftir vinnutíma. Aðalfundur foreldrafélagsins er 18.09. 2019 en þá er farið yfir ársreikninga, kosið í stjórn, foreldraráð skipað og leikskólastjóri upplýsir hvað er á döfinni. Deildarfundur er á föstudegi, einu sinni í mánuði. Rætt er um deildina, skipulagið, starfið og börnin. Hópafundur er á föstudegi, einu sinni í mánuði. Rætt um hvað börnin hafa verið að vinna að í hópunum, skipst á hugmyndum og ýmis önnur mál rædd. Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi fundarins og heldur utan um hann. Fagfundur er að meðaltali einu sinni í mánuði, í byrjun mánaðarins. Farið er yfir hvað er á döfinni næsta mánuðinn með hliðsjón af dagatali leikskólans, uppeldi- og fagmál rædd og annað sem brýnt þykir. Sérkennslufundur er einu sinni í mánuði eða eftir þörfum. Aðrir fundir sem fyrirhugaðir eru á árinu eru t.a.m. skemmtinefndafundur, fundir á vegum FL og FSL og trúnaðarmannafundir. Leikskólastjóri hittir leikskólastjórana í Álfaheiði, Efstahjalla, Urðarhól og Kópasteini í handleiðslu að meðaltali einu sinni í mánuði. Aðstoðarleikskólastjóri hittir aðstoðarleikskólastjórana í Álfaheiði, Efstahjalla, Grænatúni, Álfatúni og Furugrund. Sérkennslustjóri hittir sérkennslustjórana í Álfaheiði, Efstahjalla, Urðarhól, Kópasteini, Furugrund og Marbakka. Markmiðið með þessum fundum er að styrkja stjórnendur í starf og að ræða ýmis mál er varða starfið í leikskólanum. Leikskólastjóri var kosinn í skólamálanefnd á ársfundi FSL.

4.5 Skipulagsdagar 2019-2020

Þær breytingar urðu að þrír af fimm skipulagsdögum leikskólans eru samræmdir við skipulagsdaga grunnskólans, í stað fjögurra áður. Skipulagsdagarnir verða fimm á árinu og eru til að skipuleggja starfið, efla fag- og starfsþekkingu, styrkja starfsfólk í starfi og stuðla að hópefli. Á skipulagsdögum fer mikill hluti tíma í endur- og símenntun starfsfólks. Tekið skal fram að við stefnum á að halda skipulagsdagana eins og þeir eru settir upp hér að neðan en þeir gætu breyst.

Föstudagur 20. september 2019 – Farið í Skálholt.

Byrjað á hópefli og öðrum málum. Farið í vetrarstarfið og hugmyndafræði leikskólans Reggio Emilia. Deildarstjóri kynnir KVAN námskeið. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fara yfir nýjar stefnur, reglur og áætlanir s.s. heimsmarkmiðin og barnasáttmálann. Glasgow ferðin rædd í máli og myndum.

Fimmtudagur 21. nóvember 2019

Byrjað á hópefli og öðrum málum. Fenginn verður fyrirlesari um jóga og slökun (ekki er búið að ákveða hver það verður þegar þetta er ritað). Í lok dagsins verða deildarfundir.

Fimmtudagur 02. janúar 2020

Byrjað á hópefli og öðrum málum. Farið verður í skipulag vor- og sumarannar. Í lok dags verða hópafundir.

Mánudagur 23. mars 2020

Byrjað á hópefli og öðrum málum. Starfsfólki skipt upp í hópa og farið í heimsóknir í leikskóla. (Ekki er búið að ákveða hvaða leikskólar verða heimsóttir þegar þetta er ritað).

Föstudagur 22. maí 2020

Byrjað á hópefli og öðrum málum. Starf vetrarins metið. Sumarstarfið rætt og næsti vetur. Farið í tiltekt ef tími gefst til.

4.6 Endur – og símenntunaráætlun 2018 - 2019

Samkvæmt áætlun ber starfsfólki að sækja sí- og endurmenntun, 15 klukkustundir ár hvert. Starfsfólkið sótti námskeið, námstefnur, ráðstefnur og fyrirlestra á vegum Kópavogsbæjar, Háskóla Íslands, RannUng, sveitarfélaga í Suðvesturkjördæmi og ýmissa annarra endurmenntunarstofnana.

Skipulagsdagar 2018-2019

Föstudaginn 12. október 2019 var farið á Menntakviku fyrir hádegið og í heimsóknir í leikskóla eftir hádegið. Í lok dagsins var hópefli.

Mánudaginn 19. nóvember 2019 var leikskólinn opinn. Þessi skipulagsdagur var færður til fimmtudagsins 16. maí vegna náms- og kynnisferðar starfsfólks.

Miðvikudaginn 2. janúar 2019 var hópefli, önnur mál, deildar- og hópafundir.

Fimmtudaginn 16. maí og föstudaginn 17. maí 2019 var farið til Glasgow. Eftir hádegið á fimmtudeginum var haldinn fyrirlestur og verklegt námskeið sem heitir „Leikur að læra“. Fyrir hádegið á föstudeginum var fyrirlestur um leikskólana sem starfsfólkið heimsótti í fjórum hópum eftir hádegið. Í lok dagsins var fundur þar sem starfsfólkið tjáði sig um fyrirlesturinn og heimsóknirnar. Um kvöldið var hópefli, gleði og gaman.

Námskeið, fyrirlestrar, náms- og ráðstefnur

Leikskólastjóri fór á ráðstefnuna **The Nordic Way**, á skólamálaþing og ársþing KÍ. Aðstoðarleikskólastjóri fór á málstofu um **Barnasáttmálann**. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

og deildarstjóri fóru á fyrirlestur um **Persónuverndarlögin, innleiðingu heimsmarkmiða** námskeið um **Völu** innritunarkerfi, **heimasíðukerfið Lísu**, **kennslu á fartölvu** og námstefnuna **Sterkari með mér**. Sérgreinastjóri fór á ráðstefnu um **fjölmenningu**, námskeið um **tónlist fyrir kennara ungra barna**, **leiðir að listum** og **sviðlistir fyrir kennara ungra barna**. Sérkennslustjóri fór námskeið um **AEPS, einhverfu, OneSystems** og námskeiðið **Kennum nýja færnei**. Sérkennslustjóri og sérkennari fóru á námskeiðið **Skráning og þjálfun**. Sérkennarar fóru á námskeið um **málörvun**. Deildarstjórar tóku þátt í **stjórnendapjálfun deildarstjóra**, fóru á námskeiðið **Verkfærakistan** og einnig á námskeið um **ýngstu börnin**. Deildarstjóri og leiðbeinandi fóru á námskeiðið **ýngstu börnin og Blær**. Nýjir leiðbeinendur fóru á námskeiðið **nýliðapjálfun**. Leiðbeinandi fór tveggja daga námskeið um **skyndihjálp**. Allt starfsfólk fór á námskeiðið **Leikur að læra**. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri og raungreinastjóri fóru á námskeiðið **Uppeldi sem virkar** fyrir foreldra og **Uppeldi sem virkar** fyrir starfsfólk. Matráður fór á námskeið um **matseðla**. Allt starfsfólkið fór á námskeið um nýju **Persónuverndarlögin**.

Fundir

Leikskólastjóri fór á fund um **aðgerðir í leikskólamálum, Alfreð ráðningarkerfi, atvikaskráningu, biðlista barna, persónuverndarlög, innleiðingu heimsmarkmiða, rafræna atvikaskráningu**, sat **samráðs- og ársfund FSL og skólamálanefndarfundi**. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á **leikskólastjórafundum** og **handleiðslufundi**. Leikskólastjóri og deildarstjóri fóru á fund um **mótun menntastefnu**. Sérkennslustjóri, deildarstjórar og sérkennarar sátu **teymis- og ráðgjafafundi**. Deildarstjóri sat stjórnarfundum í **2. deild FL**. Leiðbeinandi fór á **trúnaðarmannafundi SFK**. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri og sérgreinastjóri sátu fund um **innleiðingu heimsmarkmiða**.

4.7 Þátttaka í rannsóknum

Foreldrar (hluti af þeim) gáfu leyfi fyrir því að barnið þeirra tæki þátt í rannsókn á útbreiðslu og sýklalyfjaónæmi pneumókokka, Haemophilus influenzae og streptókokka af flokki A í nefkoki í mars 2019 á vegum Barnaspítala Hringins og Landsspítala í samstarfi við læknadeild Háskóla Íslands.

5 Börn

5.1 Fjöldi barna og stunda, aldurskipting, þjóðerni, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift, persónumappa og hóparnir

Í desember 2018 voru 68 börn 1árs - 6 ára í Fögrubrekku.

Fjöldi stunda yfir daginn

Í 6,0 stundum 2 börn

Í 7,0 stundum 2 börn

Í 7,5 stundum 3 börn

Í 8,0 stundum 20 börn

Í 8,5 stundum 33 börn

Í 9,0 stundum 8 börn

Aldurskipting

Börn fædd 2013 = 13

Börn fædd 2014 = 16

Börn fædd 2015 = 17

Börn fædd 2016 = 15

Börn fædd 2017 = 7



[Þjóðerni, kyn og dvalarstundir](#)

Börn af erlendum uppruna voru 17 (annar eða báðir foreldrar erlendir), 33 drengir voru í leikskólanum, 35 stúlkur og dvalarstundir voru 561.

[Þátttökuaðlögun, flutningur milli deilda og útskrift](#)

Það eru tvö til þrjú börn í aðlögun hverju sinni. Foreldrarnir eru með barni sínu þann tíma sem aðlögunin stendur yfir eða allt frá þremur dögum og upp í fimm. Í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra, starfsfólks, heimilis og leikskóla. Fyrstu kynni eru mjög mikilvæg til að foreldrar öðlist traust til okkar og finni að barnið þeirra er öruggt. Elstu börnin á Gulubrekku flytja yfir á Rauðubrekku þegar opnað er eftir sumarleyfi. Hreyfing er á starfsfólki milli hópa og deilda á hverju ári. Útskrift elstu barna er í maí en þá bjóða börnin foreldrum sínum á leiksýningu sem þau setja upp og spila á blokkflautu. Þeim er afhent persónumappa, rauð rós og viðurkenningarskjal. Að því loknu borða allir saman heimatilbúna pitsu.

[Persónumappa](#)

Persónumappan segir sögu barnsins, allt frá því að það byrjaði þar til það líkur skólagöngu sinni. Mappan gerir starfið sýnilegra, sýnir styrkleika og tengsl barnsins við önnur börn ásamt því að efla tengslin milli heimilis og skóla. Hún er hugsuð til að halda utan um skráðar heimildir í námi og þroska barnsins. Hver persónumappa er einstök og sýnir áhugasvið, fjölbreytt vinnubrögð, sköpun, frumkvæði og geymir samskipti og samtöl barnsins. Hún er unnin í samstarfi við foreldra en viðmið hennar eru barnið sjálft og leikurinn, barnið og efniviður og sköpun, barnið og hópurnir og barnið og heimilið.

[Hóparnir 2018-2019](#)

Neðangreindur texti fjallar um hvað börn og kennarar höfðu fyrir stafni í leik og starfi síðast liðið starfsár.

[Strumpahópur – Hópstjórar Anna Maria og Auður Elfa \(börn fædd 2013\).](#)

Í byrjun skólaárs komu 4 börn úr Drekaþóp yfir í Strumpahóp og voru þá börnin orðin 13 í hópnum.

Í haust var haldið áfram með þemaverkefni frá síðasta ári, um líkamann. Börnin lærðu í gegnum leik og sköpun um beinin og líffærin.

Í desember var nóg að gera hjá börnunum. Þau sungu mikið og föndruðu, sáu leikritið „Grýla og jólasveinarnir“, bökuðu piparkökur og buðu foreldrum sínum upp á heitt kakó. Þau fóru í Hjallakirkju í aðventustund og í Sunnuhlíð að syngja fyrir eldri borgara. Einnig fóru börnin í Árbæjarsafnið að fræðast um jólin í gamla daga, var boðið í piparkökur og á jólasýningu í Álfhólsskóla. Börnin saumuðu svuntur í saumavél og gáfu foreldrum sínum í jólagjöf. Þau kvöddu svo jólin með vasaljósa- og náttfatadegi.

Í vetur var haldinn búninga dagur og öflugidagurinn vakti miklu lukku þar sem börnin mættu í „skrítnum“ fötum og borðuðu plockfisk á gólfinu með skeið í staðinn fyrir að nota gafall. Í tilefni bóndadagsins buðu börnin feðrum sínum, öfum og frændum í þorramat í hádeginu. Börnin bjuggu til bindi eða slaufu sem þau skreyttu sig með. Í tilefni konudagsins buðu þau mæðrum sínum, ömmum og frænkum í smáréttahlaðborð. Börnin bjuggu til blóm og blómavasa handa þeim.

Eftir áramótin fóru börnin að vinna að útskriftarverkefninu sínu. Við lásum sögur með þeim og horfðum á alls konar leiksýningar, m.a. Dýrin í Hálsaskógi, Gosa og Kardemommubæinn. Næsta skref var að ákveða hvaða leikrit ætti að velja. Börnin og við ákváðum að semja leikrit byggt á Ávaxtakörfunni og Kárius og Baktus. Börnin völdu hvaða persónu þau ætluðu að leika og út frá því byrjuðu þau að semja. Samtímis spjölluðum við um ávexti og grænmeti, þau skoðuðu ávextina og grænmetið og teiknuðu svo. Við nýttum verkefnið um ávextina í daglegu starfi, en börnin gerðu t.a.m. bolluvendi sem voru eins og ávextir. Börnunum var boðið í þjóðleikhúsið þar sem þau skoðuðu saumastofuna, undirbúningsherbergi leikara, smíðastofuna og skóherbergi. Þau fengu að líta á bakvið og undir stóra sviðið og sáu herbergið þar sem Bernd Ogrodnik býr til brúðurnar sínar. Eftir þetta vissu börnin allt um leikhús og voru tilbúin að búa til sitt eigið leikrit. Eftir heimsóknina fóru ákváðu börnin hvaða lög þau ætluðu að syngja í leikritinu. Þau völdu sjö lög úr *Ávaxtakörfunni* og tvö úr *Kárius og Baktus* og æfðu lögin og hreyfingar af kappi. Börnin ákváðu að sagan ætti að gerist í matvörubúð sem fékk nafnið Brekkubúð og þegar búðin lokar þá lifna ávextirnir og grænmetið við. Samhliða stífum söngæfingum þurfti að hanna búninga. Börnin teiknuðu búninga fyrst og svo hófst vinna með nál, tvinna og saumavél. Börnin sýndu svo leikritið á útskriftadaginn sinn og á sumarhátíðinni.

Eftir áramót hófst flautukennsla þar sem öll börnin lærðu að spila á blokkflautu í tónlistarstund hjá Asako.

Börnin fóru í útskriftaferð í Vatnaskóg þar sem þau eyddu heildum degi saman. Fóru í skógarferð, leiki, í hoppukastala og bátsferð svo eitthvað sé nefnt.

Við og börnin vorum í góðu samstarfi við Álfhólsskóla. Nemendur í 1. bekk komu í heimsókn og börnunum var boðið nokkrum sinnum yfir skólaárið í skólann á ýmsar uppákomur og í vorskólann.

Drekahópur – Hópstjórar Sanja, Natalija og Erla Jóna (börn fædd 2014)

Í haust bættust fimm börn í Drekahóp, þrjú komu úr Krummahóp, eitt úr öðrum leikskóla og eitt barn af erlendum uppruna, nýlega flutt til landsins. Okkur fannst mikilvægt að byrja haustið á vináttuverkefninu um Blæ sem við og börnin vorum með á hverjum mánudagsmorgni í vetur. Börnin og við ræddum ýmislegt skemmtilegt og það sem okkur lá á hjarta. Auk þess notuðum við sögurnar sem fylgja vináttuverkefninu og annað efni til að vinna nánar með vináttuna. Við og börnin veltum t.d. fyrir okkur hvernig öðrum líður og settum okkur sig í spor annarra. Við lögðum áherslu á að börnin lærðu jákvæð samskipti sín á milli, hvernig við leitum lausna saman ef upp koma vandamáli, um að tala fallega við hvert annað og bera virðingu fyrir hvert öðru. Okkur tókst að ná djúpri samræðu með börnum í gegnum vináttuverkefnið. Við fengum börnin til skilja að Blær er mikilvægur vinur, sem er áhugasamur á að hlusta á þau segja frá fjölskyldusamverustundum sínum um helgar. Með þessu móti

lærðum við kennararnir meira um þarfir hvers og eins barns og hvernig við getum aðstoðað þau í samræðum innan hópsins.

Í ágúst og september fóru börnin í vettvangsferðir í góða veðrinu. Farið var í leiki í gönguferðunum sem við útbjuggum, með það í huga að beina athygli þeirra á að finna form sem finna má í umhverfinu okkar; t.d. umferðamerki, ýmis konar form á húsum, mynstur á götum og númer á húsum og á bílum svo eitthvað sé nefnt. Blóm og lauf eru mismunandi í náttúrunni og voru börnin hvött til að búa til mynstur úr þeim á stéttinni. Börnin skoðuðu laufblöðin nánar með stækkunargleri til að skoða hvort einhver smádýr leyndust á þeim og af hvaða tegund þau væru. Börnin komust að því að ein tegund af blómum festist við fötin þeirra og voru þau alsæl með þá uppgötvun.

Á miðvikudögum fóru börnin í sögustund á Bókasafnið. Þau voru hvött til að koma með bók að heiman sem lesin var í samverustundum. Ótal margar bækur voru lesnar og langur bókaormur myndaðist í stofunni okkar.



Í október fóru börnin á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu að hluta á „Drekinn innra með mér“. Sagan er um litla stelpu og allar hennar tilfinningar sem hún kallar drekann innra með sér, sem var allavega á litinn eftir því hvernig henni leið. Sagan passaði vel inni í vináttuverkefni barnanna, því var ákveðið að vinna nánar með líðan og tilfinningar, í samstarfi við Asako þar sem verkefnið var fléttað inn í tónlistina og hreyfinguna. Börnin gátu betur tengst viðfangsefninu og áttað sig betur á fyrirbærinu, þar sem þau fengu tækifæri til að vinna nánar með það í gegnum starfið á mismunandi hátt og við mismunandi aðstæður.

Á foreldradeginum í maí bjuggu börnin til sinn eigin tilfinningadreka sem þau kynntu fyrir foreldrum sínum. Börnin sungu lög og spiluðu á hljóðfæri sem einnig tengist drekanum. Þau bjuggu til sína eigin sögu um drekann sem sýnir alls konar tilfinningar og um stelpuna sem lék sér við hann. Börnin teiknuðu persónur og máluðu bakgrunn á stórt blað sem var til sýnis í hreyfisalnum ásamt afrakstri vinnu vetrarins í tenglum við Blæ og tilfinningadrekan.

Börnin unnu mikið í skapandi starfi í tómstundasal. Í nóvember var jólaundirbúningsvinna og í desember unnu börnin flísamyndir sem þau gáfu foreldrum sínum í jólagjöf.

Börnin tóku þátt í ýmis konar viðburðum yfir árið og gerðu ýmis verkefni í tengslum við þá. Þau tóku t.a.m. þátt í alþjóðlega bangsadeiginum, búningadegi, vináttugöngu (sem er dagur gegn einelti) sem haldinn var í nóvember, piparkökubakstri, jólaskemmtun, vasaljósadegi, öskudegi og fór á tónleika í apríl í tengslum við Barnamenningahátíð í Tónlistarhúsi Kópavogs.



Krummahópur – Hópstjórar Sigga Hrönn, Unnur og Ragna (börn fædd 2014 og 2015)

Nokkur breyting varð í Krummahóp í haust. Eitt barn flutti til Egilsstaða, eitt barn fór í annan leikskóla og fyrir sumarfrí flutti eitt barn til Reykjavíkur. Þrjú börn fóru yfir í Drekaþóp, úr Skrímslahóp komu fjögur börn og þrjú börn komu úr öðrum leikskólum. Krummahópur skipti um deild og fór yfir á Rauðubrekku. Þegar farið er yfir á Rauðubrekku stækka börnin um nokkur númer. Þau hætta að sofa og byrja að borða kl. 12:00 svo eitthvað sé nefnt.

Farið var rólega af stað inn í haustið, þar sem við ákváðum að „smyrja“ okkur saman. Það var ekki mikið hægt að vera úti í garði, þar sem það var verið að búa til nýjan leikvöll fyrir okkur. Við vorum því dugleg að fara í gönguferðir og nýta leiksvæðin í nærumhverfi okkar.

Börnin unnu að ýmsum verkefnum. Þau fóru út með litaspjöld og fundu alla fallegu haustlitina sem var í líkingu við litina á spjöldunum. Þau voru dugleg að æfa sig í að þekkja bókstafina og tölustafina og unnu svo með þá á ýmsa vegu.

Við hófum þemavinnu með börnunum um krumma. Börnin gerðu krumma úr eldhúsrúllu og úr leir sem þau gáfu mömmu sinni og pabba sínum í jólagjöf. Haldið var áfram með þemað um krumma eftir áramót.

Börnin tóku þátt í verkefninu „Jól í skókassa“. Það var mjög skemmtilegt og voru þau mjög áhugasöm. Við fórum með börnunum í nokkur skipti á Bókasafnið og völdu þau bækur til að lesa í leikskólanum. Þau voru líka dugleg að koma með bók að heiman til að lesa.

Eftir áramót héldu börnin áfram að vinna með krumma. Þau skoðuðu hvað hann borðar, hvar hann býr, hvað hreiðrið hans heitir, um egginn hans og ungana og fleira. Börnin saumuðu Krumma úr efni og skreyttu með pallíettum, tölum og fleira. Þau bjuggu til leikrit/sýningu um Ronju Ræningjadóttur. Það var heilmikil vinna að útbúa leikmynd í kringum öll lögin sem þau sungu, t.d. tré, sól, ský, bát, hús, alls konar dýr og laupinn sem er hreiðrið hans krumma. Börnin bjuggu til texta í tónlistarstund hjá Asako um krumma sem þau röppuðu svo á foreldradeginum. Um vorið sýndu börnin leikritið fyrir mömmu sína og pabba og gekk það mjög vel. Börnin bjuggu líka til sögu um krumma og gerðu stóra mynd sem tilheyrði sögunni, ljóð, teiknuðu krumma, lituðu og bjuggu svo til bók um krumma.

Við og börnin lituðum m.a. garn úr berjum, lauk, papriku svo eitthvað sé nefnt. Þótti þeim og okkur það mjög skemmtilegt verkefni.

Við og börnin vorum dugleg að vinna með Blæ því hann hjálpar okkur að leika fallega saman og muna alla reglurnar svo okkur öllum líði vel. Börnin spjölluðu mikið saman um lífið og tilveruna, um tilfinningar okkar, að vera glaður, leiður, reiður og fleira í þessum dúr. Síðan voru alls konar dagar sem börnin tóku þátt í einsog dömdagur, herradagur, öskudagur, páskar og fleira. Þessi vetur var nú aldeilis skemmtilegur og lærðum við og börnin mjög margt og hlökkum til að geta verið úti í sumar að vinna.

Skrímslahópur – Hópstjórar Egill, Sigga og Karitas (börn fædd 2015)

Það var að vanda mikið brallað í Skrímslahóp í vetur. Það byrjuðu þrjú börn í hópnum í ágúst og gekk aðlögunin vel og voru börnin fljót að finna sig í hópnum. Við leggjum mikla áherslu á frjálsan leik í hópnum, en hann er ein öflugasta námsleið sem til er.

Í vetur einbeittum við okkur mikið með börnunum að efla tjáningu og samskipti. Við byrjum hvern morgun á því að setjast saman í hring, telja saman hvað margir eru komnir og reyna að finna út hver margir eru ekki komnir og hverjir það eru. Börnin fá tækifæri til þess að tjá sig í hringnum, til dæmis

um hvað þau hafi gert yfir helgi eða hvað þeim finnist best að borða. Þannig þjálfast þau í að tala fyrir aðra og segja frá.

Börnin tóku virkan þátt í Vináttuverkefni Barnaheilla og heimsótti bangsinn Blær þau einu sinni í viku. Þá var farið yfir tilfinningar og börnin fengu tækifæri til þess að meta aðstæður sem geta komið upp, ágreining og annað í þeim dúr og finna bestu leiðirnar til þess að leysa það. Þegar sömu eða svipaðar aðstæður koma upp í hópnum þá geta börnin nýtt sér það sem þau hafa rætt í stundunum með Blæ.

Börnin og við undirbyggjum jólin af krafti. Þau gerðu jólagjafir og mikið af jólas krauti sem þau höfðu með sér heim.

Eftir áramótin voru Herradagur og Dömdagur og tókum börnin vel á móti foreldrum og ömmum og öfum. Þau buðu svo foreldrum sínum á foreldradag í maí. Þá sungu þau, fóru með þulu úr bók um Einar Áskel og fengu foreldrana til þess að dansa með sér.



Það er lesið fyrir börnin í Skrímslahóp nánast á hverjum degi. Börnin hafa miklar skoðanir á bókunum sem lesnar eru og vilja oft heyra sömu bækurnar oft. Þar hefur Einar Áskell verið mjög vinsæll en líka til dæmis Bétveir. Börnin fá tækifæri til þess að skoða bækurnar sjálf og ræða um þær í hópnum.

Veturinn var mjög góður hjá Skrímslahóp. Börnin eru orðin mjög flink í leik og starfi og eru viljug til þess að vinna að bæði stuttum og löngum verkefnum. Samskiptin í hópnum eru góð, börnin leika sér vel saman og eru farin að leysa ágreining sín á milli sjálf að talsverðu leyti, þó að þau fái líka aðstoð frá okkur. Þau sína hvert öðru áhuga og væntumþykju og eiga góðar stundir saman í leikskólanum.

Ugluhópur– Hópstjórar Anna, Vigdís, Desi og Aron Daði (börn fædd 2016)

Það byrjuðu fjögur börn í Ugluhóp í haust, þrjár stelpur og einn strákur. Aðlögun gekk vel og smullu nýju börnin vel inn í Ugluhópinn. Það voru því tólf börn í Ugluhóp í vetur. Við vorum dugleg að skipta börnunum upp t.d. þegar helmingur hópsins fór út fyrir hádegi þá var hinn helmingurinn inni, þannig fengu börnin betur að njóta sín á svæðunum.

Í tómstundasal var áhersla lögð á sköpun, málun, mótun, vinnu með skapandi efnivið og leik með ljós og skugga. Í heimastofum var áherslan meiri á púsl, perlur og ýmis konar fínhyfipjálfun. Börnin í Ugluhóp eru mjög sjálfstæð og dugleg að bjarga sér. Frjáls leikur er stór þáttur í daglega lífi barnanna og eru þau dugleg að leika sér saman. Þau hafa öðlast mikla þjálfun í samskiptum og bera umhyggju hvort fyrir öðru og hjálpast að þegar á reynir, þó vissulega sláist stundum uppá vinskapi. Það er ýmislegt brallað í hópnum og margt sem þarf að prófa.

Börnin syngja mikið saman og hafa lært lög um líkamann, t.d. Ég ætla að syngja, Höfuð herðar hné og tær og Það er kónguló sem spinnur vef. Þau syngja um liti, hljóð í orðum, t.d. Ég fór í dýragarð í gær og lög sem æfa talningu eins og Fimm litir apar og Kónguló með átta fætur. Við höfum líka lesið mikið og börnin eru dugleg að hlusta og spjalla um það sem er verið að lesa.

Í hreyfingu og tónlist voru börnin virk. Þessar stundir voru líka notaðir til að þjálfa þolinmæði, að bíða eftir að röðin komi að sér og að skiptast á. Það gekk og hafa börnin náð að yfirfæra það sem þau hafa lært í samskiptum yfir í aðrar aðstæður.

Útivera er stór þáttur í daglega starfi barnanna og var farið út alla daga, annað hvort fyrir hádegi eða eftir kaffi en þegar vel viðrar er farið út oft á dag. Við fórum með börnunum í nokkrar langar gönguferðir og gekk það mjög vel, allir voru duglegir að ganga og fara eftir fyrir mælum og reglum sem gilda í gönguferðum. Framangreint er í grófum dráttum það sem Ugluhópur var að bralla í vetur.

Fiðrildahópur– Hópstjórar Erla, Gréta og Sigrún (börn fædd 2016 og 2017)

Í Fiðrildahóp eru 10 börn. Börnin byrjuðu síðastliðið haust og gekk aðlögunin mjög vel og aðlöguðust þau leikskólalífínu fljótt. Flesta morgna til að byrja, með settumst við saman í hring á mottu og sungum saman, þannig lærðu börnin fljótt nokkur lög og sum lögin eru enn í uppáhaldi. Börnin voru mikið í frjálsum leik, en börn læra í gegnum leikinn.

Mest áhersla var lögð á að kynnast og vera saman, vera vinir og læra að taka tillit til hvers annars, kenna börnunum að deila með sér og skiptast á og hjálpa hvort öðru.

Þá daga sem við áttum Tómsundasal var sandurinn í sandkarinu mikið notaður með börnunum, kubbaherbergið og ljós og skuggar notað á þann hátt sem hentaði þeim. Börnin máluðu myndir með mismunandi málningu og aðferðum. Mest teiknuðu þau og lituðu upp á deildinni en einnig niðri. Perlur, púsl og leir var fínt að nota til að þjálfa fínhyfingar barnanna.

Aðra hvora viku voru börnin í skipulagðri hreyfingu í hreyfisal og eftir hana var frjáls tími. Þá voru oft tekin fram áhöldin sem tilheyra hreyfisal notað með börnunum. Sérstaklega fannst börnunum gaman að hafa fallhlífina sem stundum var hengd upp og notuð sem tjald. Í tímum í hreyfisal öðluðust börnin færni í grófhreyfingum og jafnframt líka í útiveru. Einu sinni í viku var tónlistarstund í 45 mínútur í senn, börnunum fannst mjög gaman í þeim stundum.

Útivera er að jafnaði einu sinni á dag og í vetur var útiverutími barnanna fyrir hádegi og stundum eftir síðdegishressingu. Farið var út alla daga ef veður leyfði.

Desember var með hefðbundnu sniði. Börnin bjuggu til jólagjafir fyrir foreldra sína og föndruðu ýmislegt.

Miklar framfarir hafa verið hjá börnunum. Þau voru mörg feimin, með fá eða engin orð í haust en eru mörg orðin nær altalandi og eldhress. Börnin hafa núna gaman af því að hlusta á bókaletur og sögur, en það gekk ekki eins vel fyrir áramót.

Útivera hefur aukist í góða veðrinu og erum við nánast úti allan daginn. Börnin eru dugleg að klæða sig úr skónum eftir útiveru og mörg geta klætt sig úr úlpunum án aðstoðar. Þau geta líka þvegið sér sjálf um hendurnar fyrir matmálstíma án mikillar aðstoðar. Við fórum í vettvangsferð að ærslabelgnum hjá Bókasafninu í strætó með börnin og var það hápunkturinn fyrir þau flest, þar sem strætólagið er eitt af uppáhaldslögunum þeirra.



Tónlist og hreyfing

Asako sér um allar tónlistarstundir barnanna, en börnin fara í tónlist einu sinni í viku. Hún gerði áætlun fyrir alla barnahópana sem náði yfir allt leikskólaárið. Áætlunin var mjög vel gerð og aðgengileg fyrir alla.

Áherslur á Gulubrekku í tónlistartíma eru að hlusta á fyrirmæli, taka þátt, skiptast á hljóðfærum, syngja saman, spila saman á hljóðfæri, hlusta á mismunandi hljóð og fleira. Asako kynnti fyrir börnunum ýmis hljóðfæri sem þau fengu að prófa.

Á Rauðubrekku voru unnin ýmis verkefni í tengslum við tónlistina. Strumpahópur tók þátt og söng í göngu gegn einelti, sem nefnd hefur verið Vináttuganga í samstarfi við Álfhólsskóla. Börnin sungu jólalög um jólin í Sunnuhlíð fyrir eldri borgara og fóru Barnamenningarhátíð Kópavogs og sáu

Dúó Stemmu í Salnum. Börnin sem fædd er 2013 og 2014 fóru á Sinfóníutónleika að hlusta á Drekkinn innra með mér og Tobba túbu. Strumpahópur lærði á blokkflautu eftir áramótin og spilaði í skruðgöngunni á sumarhátíðinni.

Asako sér einnig um hreyfistundir allra barnanna, en börnin fara í hreyfistund aðra hverja viku í hreyfisal. Hugað er vel að þeim börnum sem eru með sérþarfir í tónlistar- og hreyfistundum.

Börnin á Gulubrekku fóru í hreyfileiki, stunduðu jóga, dönsuðu með tónlist og gerðu ýmsar hreyfiþrautir. Á Rauðubrekku lærðu börnin um líkamsvitund, líkamstjáningu, stunduðu jóga og lærðu að dansa ýmis spor frjálst eftir tónlist.

Á foreldradögum sýndu börnin á Gulubrekku hvernig tónlistar- og hreyfistund fer fram. Börnin sungu fyrir foreldra sína og fóru í hreyfileiki og dönsuðu með þeim. Börnin á Rauðubrekku sýndu verkefni út frá þeim þeim sem þau höfðu unnið að um veturinn í tengslum við hreyfi- og tónlistarstundirnar; Krummahópur sýndi Ronju ræningjadóttir, Drekaþópur var með Drekaþema og Strumpahópur setti upp leikritið Ávaxtakarfan og Kárius og Baktus.

5.2 Sérkennsla

Sérkennsla byggir á lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008, reglugerðum sem þeim tilheyra, aðalnámskrá leikskóla og markmiðum Kópavogsbæjar um sérkennslu í leikskólum bæjarins. Ef barn þarf á sérstakri aðstoð að halda er ávallt haft samráð við foreldra. Framkvæmd sérkennslu er á ábyrgð alls starfsfólksins en sérkennslustjóri skipuleggur þá vinnu í samstarfi við deildarstjóra. Framkvæmdar eru ýmsar athuganir og kennurum og foreldrum veitt ráðgjöf. Þegar þess þarf með fylgir sérkennslustjóri eftir málum þeirra barna sem fara í grunnskóla.

Litið er á sérkennsluna sem viðbót fyrir þau börn sem þurfa einhverra hluta vegna aðstoð, því er litið til einstaklingsþarfa hvers og eins barns. Í sérkennslu er haft að leiðarljósi að barnið geti notið leikskóladvalar sinnar og að það geti þroskast sem best á eigin forsendum. Lagt er upp með að barn sem nýtur sérkennslu fái notið hennar í barnahópnum og markmiðið er að ýta undir sjálfstæði, vellíðan og alhliða þroska barnsins. Áhersla er lögð á að virkja áhugahvöt og virkni barnsins inni í barnahópnum og stuðla að persónulegum þroska þess og félagsþroska. Rödd hvers barns fær að njóta sín og hvert barn fær tækifæri til að koma sínum málum á framfæri, lærir að treysta öðrum, taka tillit til annarra og virða skoðanir.

Í vetur var unnið á svipaðan hátt og fyrri ár hvað varðar leiðir í sérkennslunni. Unnið var bæði einstaklingslega og í litlum hópum utan sem innan deildar, allt eftir því hvað hentaði hverjum og einum. Áhersla var lögð á að efla færni barnsins út frá áhugasviði þess í gegnum verkefnavinnu og leik í daglegu starfi. Fjögur börn með samtals 17 tíma tilheyrðu 2. flokki starfsárið 2018-2019. Stuðningsfulltrúar sinntu þessum börnum. Gerðar voru einstaklingsnámskrár fyrir börnin sem njóta sérkennslu og þær endurskoðaðar reglulega. Tuttugu og tvö börn heyrðu undir 3. og 4. flokk og voru það að mestu leyti tvítyngd börn en þau voru nítján samtalsins síðastliðið starfsár sem er fjölgun frá síðasta ári. Starfsmaður var í hlutastarfi til að sinna málörvun þessara barna. Einstaklingsnámskrár eru gerðar að hausti og endurskoðaðar um áramót og aftur að vori. Sérkennslustjóri sér um námskrárnar en innihald þeirra er unnið í samráði við deildarstjóra, stuðningsaðila og foreldra.

6 Foreldrasamstarf

6.1 Stefna og áherslur

Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla. Áhersla er lögð á góð dagleg samskipti við foreldra. Leitast er við að koma til móts við óskir þeirra svo framarlega að það komi ekki niður á gæðum leikskólastarfsins, aðbúnaði og umönnun barnsins. Mikilvægt er að foreldrar láti vita ef þeir eru ánægðir með starfið en einnig hvað hægt er að gera betur

Áhersla er lögð á:

- * Að stuðla að góðri samvinnu og trúnaði en það er forsenda þess að barninu líði vel.
- * Að hafa opin og jákvæð dagleg samskipti.
- * Að rækta samvinnu og samskipti heimilis og skóla.
- * Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans.
- * Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.
- * Að starfsfólk vandi framkomu sína með því að virða foreldra og ákvarðanir þeirra.
- * Að hafa foreldrasamtöl að vori.
- * Að miðla upplýsingum til foreldra.

6.2 Foreldrafélag

Foreldrafélagið kemur að mörgu sem fram fer í leikskólanum. Félagið borgar rúturnar í sveitaferðinni, hluta í útskriftarferð elstu barnanna í Vatnaskóg, leiksýningar, gefur starfsfólki góðgæti á kaffistofu og leikskólanum jóla- og sumargjöf.

Foreldrafélagið er með lokaðan hóp á Facebook sem er nýttur til að koma upplýsingum um viðburði og annað til foreldra. Aðild að félaginu er frjáls samkvæmt lögum en ekkert foreldri hefur óskað eftir að vera utan þess. Árgjaldið er kr. 6.000 og greiðist í tvennu lagi. Aðstoðarleikskólastjóri er tengiliður við stjórn foreldrafélagsins og foreldraráðsins. Í stjórn foreldrafélagsins sitja fimm foreldrar.

Markmið foreldrafélagsins er:

- * Að auka samvinnu foreldra og starfsfólks.



- * Að auka samvinnu foreldra innbyrðis um starfsemi og aðbúnað leikskólans.
- * Að leggja hagsmunum barna lið bæði innan leikskólans og út á við.
- * Að stuðla að velferð barna.

6.3 Foreldraráð

Foreldraráð starfar við leikskólann eins og kveðið er á um í lögum um leikskóla, en meðlimir foreldraráðs eru einnig í stjórn foreldrafélagsins. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og skólanefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla, um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar í leikskólastarfi.

6.4 Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Fræðsla og upplýsingamiðlun til foreldra fer að mestu fram í daglegum samskiptum, þegar barnið kemur í leikskólann og þegar barnið er sótt, en við teljum mjög mikilvægt að foreldrar séu vel upplýstir um daglegt starf leikskólans og að hverju börnin þeirra eru að vinna að hverju sinni.

Í mars og apríl eru foreldrar boðaðir í skipulagt samtal þar sem hagir barnsins eru ræddir, en foreldrar geta einnig óskað eftir samtali við kennara á öðrum tímum. Í júní eru nýir foreldrar boðaðir á kynningarfund kl. 8:30 að morgni. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann, þar sem þeir geta fylgst með barni sínu í leik og starfi.

Fundir eru haldnir með foreldrum, sérkennslustjóra, kennurum og öðrum fagaðilum ef nauðsyn þykir.

Kennarar nýta sér tölvusamskipti til að koma ýmsum upplýsingum til foreldra og halda úti lokuðum Facebookhóp til að foreldrar geti fylgst með barninu í máli og myndum í daglegu starfi þess.

Fréttamiðlun fer fram á heimasíðu leikskólans þar sem hægt er að skoða m.a. námskránna, starfsáætlunina, leikskóladagatal, matseðla, myndir og margt fleira. Leikskólastjóri sendir í tölvupósti og setur inn á Facebookhóp foreldafélags upplýsingar um starfsmannamál, starfið, ferðir og allt það sem þurfa þykir og viðkemur daglegu starfi leikskólans.

6.5 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Fjölskyldan er hvött til þátttöku í leikskólastarfinu, en það byggist á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar.

Í september er aðalfundur foreldrafélagsins. Í október og nóvember er morgunhressing. Í desember er síðdegishressing. Í janúar er þorramatur. Í febrúar er smáréttahlaðborð. Í mars er morgunhressing. Í apríl er síðdegishressing. Í maí eru foreldradagar, útskrift elstu barna og sveitaferð. Í júní er sumarhátíð.

Foreldrar, systkini, afar, ömmur og stundum frænka og/eða frændi, taka þátt í þessum viðburðum. Þó er misjafnt hversu mikið hver hópur tekur þátt.



7 Samstarf

7.1 Samstarf við grunnskóla

Fagrabrekka er í samstarfi við Álfhólsskóla, Álfaheiði og Efstahjalla. Í upphafi vetrar hittast stjórnendur leikskólanna ásamt deildarstjóra yngsta stigs Álfhólsskóla og fara yfir starfsáætlun sem gerð er að vori ár hvert. Í áætluninni eru skráðar heimsóknir elstu barnanna í grunnskólann og 1. bekkjar í leikskólann. Samstarf er við deildarstjóra elsta stigs, þar sem nemendur úr 9. bekk koma í leikskólann í leikskólavali ár hvert. Kennarar elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans kynna starf sitt á sameiginlegum fundi og sérkennslustjóri fundar með fulltrúum grunnskólans vegna barna með sérþarfir.

7.2 Samstarf við aðra

Fagrabrekka á í samstarfi við fjölmarga aðila s.s. deildarstjóra leikskóladeildar, leikskólafulltrúa, leikskólaráðgjafa, sérkennslufulltrúa, sérkennsluráðgjafa, sálfræðinga, talmeinafræðinga, iðjuþjálfara, sjúkráþjálfara, Félagsþjónustu Kópavogs, barnavernd, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, hjúkrunarfræðinga og lækna ásamt birgjum og heilðsölum. Samstarf er við Háskóla Íslands, Háskóla Akureyrar og Borgarholtsskóla.

7.3 Nemar og heimsóknir

Tveir leiðbeinendur er að hefja 2. ár í leikskólaliðanámi í Borgarholtsskóla, deildarstóri er að fara á 2. ár í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands og listgreinastjórinn er að hefja meistaranám í listkennslu í Listaháskóla Íslands.



Nemi í vinnustaðarnámi í Borgarholtsskóla, á lokaári, var í vettvangsnámi fyrir áramót. Nemi í leikskólakennarafræðum á 3. ári frá Háskólanum á Akureyri var í æfingakennslu eftir áramótin. Tveir nemendur í 9. bekk í Álfhólsskóla komu einu sinni í viku í leikskólavali fram að áramótum.

Starfsfólk frá leikskólanum Austurkór komu í heimsókn. Mikið var um að foreldrar, sem fengu úthlutað leikskólavistun fyrir barnið sitt kæmu í heimsókn að skoða leikskólann.

8 Mat

8.1 Matsaðferðir

Starfið er ávallt í þróun, þess vegna gerum við endurmat en það eru margs konar matslistar notaðir til að meta starfið.

Börnin

Hljóm 2 er aldursbundið íslenskt próftæki í leikjaformi. Það kannar hljóðkerfisvitund 5 ára barna og er lagt fyrir að hausti ár hvert og einnig að vori ef þess er þörf. Niðurstöður Hljóms 2 gefa vísbendingar um gengi lestrarnáms barna. Börnin meta starfið að hausti og vori. Tras er skráningarlisti til að fylgjast með málþroska 2 til 5 ára barna og er lagður fyrir ef þörf þykir.

Kennarar

Starfsfólk endurmetur starfið með ýmsum hætti. Starfsfólk gerir ár hvert myndrænar skráningar. Með myndrænum skráningum metur það starf og þroska barnsins og eigið starf. Mat á starfi leikskólans og þroska og færni barnanna fer einnig fram í öllu daglegu starfi hópana.

Foreldrar

Matslisti er lagður fyrir annað hvert ár, þá meta foreldrar starfsemi Fögrubrekku. Könnunin er send rafrænt frá Skólapúlsum. Leikskólastjóri fær sendar niðurstöður könnunarinnar en matið gefur kennurum vísbendingar hvað foreldrar eru ánægðir með og einnig hvað betur má fara. Einnig er unnt að meta einstaka þætti starfsins.

Gerð var könnun á þátttöku barna í leikskólastarfi á milli jóla- og nýárs og könnun vegna sumarlokunar leikskólans.

8.2 Mat síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Mat starfsfólks

Starfsfólk gerði endurmat á öllum þeim viðburðum sem máli skipta fyrir daglegt líf, um hvað var gott og hvað má betur fara.

Starfsmannasamtöl voru í apríl einsog áður hefur komið fram. Starfsfólk er ánægt í vinnunni en bæta þarf skilaboð á milli deilda og á milli starfsfólks.

Foreldrakönnun

Engin könnun var þetta árið.

8.3 Mat á starfsáætlun síðast liðins starfsárs og niðurstöður

1. Haldið verður áfram að leggja áherslu á þemu um náttúruna, útinám, tónlist og hreyfingu.
Nota útinámsspokana í útiveru, t.d. í garðinum eða í lengri vettvangferðum. Einnig er hægt að grípa með sér poka og nýta inni á deild. Pokarnir voru ekki nýttir nægilega vel.
2. Gera skal mat með næst elstu og/eða elstu börnunum að hausti og vori.
Setja í hendur hópstjóra svo að af verði.
3. Legga skal meiri áherslu á hreyfanleika starfsfólks í útiveru.
Starfsfólk þarf að vera meira vakandi yfir börnunum, láta vita ef þarf að skjótast frá og hafa útireglur til hliðsjónar.
4. Hvetja þarf foreldra til að taka þátt í Bókaorminum og að lesa fyrir börnin heima, ákveða tímabil.
Fá foreldra með í samstarf.
5. Nýta skal tússtöflurnar miklu meira.
Hópstjóri þarf að gera einhvern starmann ábyrgan að skrifa upplýsingar á töflurnar. Hópstjóri þarf að sjá til þess að skrifað er t.a.m. hvað var gert yfir daginn, næstu viðburði, afmæli og fleira.
6. Hrósa skal meira og veita öllu starfsfólki viðurkenningu fyrir það sem vel er gert.
Allt starfsfólkið er ábyrgt fyrir þessu, því þetta á við um allt starfsfólkið.
7. Það gekk ekki sem skyldi, frekar en árið þar áður að hafa hópafundi í 30 mínútur einu sinni í mánuði.
Hópstjóri þarf að finna tíma næsta haust og skrá í dagbækur.
8. Nota loðtöflusögur, handbrúður og sögugrunn í samverustundum.
Setja inn í dagskipulagið/hópastarfið t.d. notað einu sinni í viku.
9. Nýta Numicon kubbana í stærðfræði.
Hópstjóri festir tíma niður einn dag í viku, þegar hópurinn er í heimastofu.
10. Fara oftar í vettvangsferðir sem skipulagðar eru með börnunum.
Virða hugmyndir barnanna um hvert á að fara og hvað á að gera. Til dæmis miðvikudagana með því að fara á Bókasafnið og tengja jafnvel við bókaorminn.
11. Tónlistartímar gengu mjög vel.
12. Hreyfistundir, jóga og slökun gekk mjög vel.
13. Starfsfólk þarf að ígrunda helst alla daga um það sem það ber ábyrgð á. Þar á meðal er mat barna, yfirfara dagatal leikskólans vikulega og skrá í dagbækur, ganga um garðinn á morgnana, hafa ljós og skugga uppi við sem flesta daga, hringja inn í leikskólann vegna fjarveru (ekki senda smáskilaboð í síma né setja á Facebook síðuna), senda upplýsingar og myndir á vefritstjóra og sinna brunaeftirliti með elstu börnunum, svo eitthvað sé nefnt.

8.4 Aðrir þættir starfsins sem gengu mjög vel

Börnin

Sjá ofangreinda texta undir „Hóparnir 2018-2019“.

Starfsfólk

Allt starfsfólkið sameinast um að koma með góðgæti á kaffistofuna á þriggja mánaða fresti, í tengslum

við afmælisdaga sína. Jólgleði starfsfólks var haldin í heimahúsi, þar sem boðið var upp á jólahlaðborð, gleði og gaman. Kaffistofan var skreytt allan desember, með jólalitapema. Í febrúar og mars voru foreldra- og hópasamtöl. Í desember var kökubasar og í mars var farið í keilu og út að borða. Í apríl var kökubasar og farið til Glasgow í náms- og kynnisferð, sem einnig er hópefli og til að gera góðan starfsanda betri. Í maí var árshátíð Kópavogs og teiti haldið af því tilefni. Farið var í kvikmyndahús reglulega yfir allt árið. Engin óvissuferð var þetta árið þar sem utanferðin kom í hennar stað.

Leiðbeinandi með stuðning fór í veikindaleyfi í byrjun júlí 2018 í 2 mánuði. Deildarstjóri fór í axlaraðgerð í endaðan ágúst 2018 og var í veikindaleyfi í 6 vikur. Leiðbeinandi fór í veikindaleyfi í september 2018 og hætti svo í kjölfarið. Leiðbeinandi hóf störf tímabundið, um miðjan október 2018. Leiðbeinandi hóf störf tímabundið, í hlutastarfi til að byrja með en fór svo í fulla stöðu. Aðstoðarleikskólastjóri fór í launalaust leyfi í febrúar 2019 í 2 ½ mánuð. Matreiðslumaður byrjaði um miðjan apríl 2019. Leiðbeinandi hóf störf í byrjun febrúar 2019. Sumarstarfsmaður hóf störf í byrjun maí 2019. Aðstoðarmatráður hætti störfum um miðjan maí 2019, vegna aldurs. Aðstoðarmatráður hóf störf í byrjun maí 2019, hætti störfum eftir mánuð. Deildarstjóri fór úr 100% starfi í 75% starfi í maí 2019, fer í fæðingarorlof í haust. Tveir leiðbeinendur, sem réðu sig tímabundið, hættu störfum í byrjun júní 2019 (búa erlendis). Sérkennslustjóri er í fæðingarorlofi. Leikskólakennari leysir sérkennslustjóra af tímabundið frá apríl 2019. Þrjú ungmenni á vegum Vinnuskóla Kópavogs voru hjá okkur í sumar.

8.5 Umbótaáætlun og áherslur

1. Unnið verður með Blæ markvisst inn í hópastarf og/eða í samverustund. Lesa sögu, kynna eitt spjald og hafa umræður á eftir. Vinanudd verður einu sinni í viku á föstudögum í lok fagnaðarfundar.
2. Öllum námsþáttum verður sinnt samkvæmt aðalnámskrá.
3. Hver hópur mun vinna að ákveðinni þemu um náttúruna.
4. Börnin verða hvött til að fara í hreyfisál að morgni og dansa inn í daginn. Starfsfólk er fyrirmynd og sýnir fordæmi með því að dansa og syngja.
5. Myndir af starfsfólki verða settar upp í fataherbergi.
6. Starfsfólk verður með barmmerki fast á sér í vinnunni.
7. Einkunnarorð leikskólans verða gerð sýnileg.
8. Námsþættir aðalnámskrár verða gerð sýnileg A-3 formi.

9 Öryggismál

Í Fögrubrekku er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð.

9.1 Öryggisnefnd

Fyrirkomulag öryggis- og slysavarnamála er í höndum öryggisvarðar og öryggistrúnaðarmanns. Ef minniháttar slys ber að höndum er skrifuð skýrsla um slysið og viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að minnka líkurnar á því að slys af sama toga endurtaki sig.

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks, í nefndinni eru aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri. Nefndin hittist þegar þarf og fer yfir öryggisatriði er varða húsnæði og garð leikskólans. Gert er áhættumat og aðgerðaráætlun varðandi öryggi í innra starfi leikskólans einu sinni á ári og til



Þess eru nýttir vinnuumhverfisvísar frá Vinnueftirlitinu. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf úti eða inni um leið og þeir verða þess varir. Á hverjum morgni fer starfsfólk yfir lóðina. Tvisvar á ári eru brunabjöllurnar settar af stað og einu sinni á ári er brunaæfing.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, vinnueftirlitið, heilbrigðiseftirlitið og eftirlitsmaður tekur út lóðina einu sinni á ári og öryggislýsingar og slökkvitæki eru yfirfarin. Leikskólastjóri og yfirmaður fasteigna fá niðurstöður úttekta og bregðast við ef þarf.

Á síðast liðnu starfsári voru engin slys á börnum né á starfsfólki.

9.2 Umferðaröryggisáætlun

Börnin fá fræðslu um þær hættur sem að steðja í umferðinni t.d. í vettvangsferðum. Þetta er gert til að undirbúa þau þegar þau fara seinna meir alein út í umferðina.

9.3 Áfallaráð

Í áfallaráði sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri. Markmið áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barns eða starfsmanns varðandi slys, sorg eða einelti. Áfallaráð hefur til hliðsjónar jafnréttisáætlun Kópavogs og áætlun gegn einelti. *Sjá stefnu áfallaráðs, jafnréttisáætlun Kópavogs og eineltisáætlun.*

10 Lokaorð

Ég, undirrituð, mun ekki, frekar enn í starfsáætlun s.l. árs skrifa um fjarvistir og manneklu starfsfólks. Ég hef ákveðið að hugsa og huga að því sem vel var gert, því það eru 90% jákvæðir hlutir á móti 10% neikvæðum í leikskólanum. Við höfum ólíkar sterkar hliðar og ólíkar veikar hliðar, en við vegum upp á móti hvort öðru, einhver er góður í tónlist, annar er góður í hreyfingu, myndlist eða tjáningu og svo mætti lengi telja. Öll höfum við eitthvað að glíma við, hvort sem það er gott eða slæmt, en í leikskólanum hjálpumst við að þegar upp koma vandamál, sýnum nærgætni, alúð, þolinmæði og gefum knús.

Ég er mjög lánsöm að hafa yfir að ráða þessum fjölbreytilega starfsmannahópi. Flóran okkar í hópnum er skemmtilega samansett þar sem starfsfólkið er af ýmsum uppruna s.s. frá Póllandi, Búlgaríu, Litáen, Króatíu og Japan. Við lærum hvert af öðru og allir eru jafnir og starfa á jafnréttisgrundvelli. Flóran í barnahópnum er ekki síðri og er það vel. Starfsfólkið kom miklu í verk, þrátt fyrir hnökra. Kennararnir og barnahóparnir unnu vel að verkefnum og í daglegu starfi, því ef allir skila sínu eftir sinni bestu getu og gera það af samviskusemi og natni, er ekki hægt annað en að gleðjast yfir því.

Í samtölunum í apríl, sem ég tók við hvern hópstjóra og starfsfólkið innan hópsins, kom fram að þeim líður vel að starfa saman, þau eru sátt, fá að nýta mannauð sinn og börnin þroskast og blómstra innan hópsins. Þeim fannst samstarfið milli hópa og deilda ganga vel, en það er að sjálfsgöðu á ábyrgð hvers og eins ef við viljum og ætlum okkur að gera ennþá betur. Allir voru sammála um að starfsandinn væri góður og hópeflið hafi verið ánægjulegt í vetur.

Þessi áætlun á að gefa þér innsýn í það góða faglega starf sem viðhaft er í leikskólanum. Ég tel ef að starfsfólk, börn og foreldrar hafa að leiðarljósi að starfa og tala saman þá verður útkoman ánægst

Leikskólinn Fagrabrekka

starfsfólk, sáttnir foreldrar og glöð börn. Það er mikilsvert í mínum huga. Með þessum orðum kveð ég síðast liðið ár og hlakka enn og aftur að takast á við það næsta með gleði í hjarta.

Edda Valsdóttir leikskólastjóri.

